

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Norðurland vestra, 27. nóvember 2025

Efni: Umsögn stjórnar SSVN um þingsályktunartillögu um innleiðingu landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra tekur jákvætt í framlagða þingsályktunartillögu um innleiðingu landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda. Tillagan felur í sér mikilvægt skref til að tryggja að opinberar ákvarðanir byggi á raunverulegum aðstæðum landsbyggðar og dragi úr ófyrirséðum og ósanngjörnum áhrifum stefnumótunar sem byggir á þéttbýlisforsendum. Stjórn SSVN fagnar því að landsbyggðarmat verði lögbundið, byggt á skýru ferli skimunar, mats, mótvægisáðgerða og eftirfylgni og að forsætisráðuneytið leiði samhæfingu og ábyrgð innan Stjórnarráðsins með tilnefningu dreifbýlistengla. Þá telur stjórn jákvætt að Hagstofa Íslands og Byggðastofnun setji fram mælikvarða og opið mælaborð sem tryggir að aðgengi að staðbundnum gögnum verði bætt og að samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila verði tryggt frá upphafi. Jafnframt er mikilvægt að sveitarfélögum verði veitt heimild og leiðbeiningar til að beita landsbyggðarmati í eigin verkefnum, sérstaklega á sviði húsnæðis-, samgöngu- og stafræna innviðamála. Með árlegri skýrslugjöf og reglubundinni úttekt er lagður grunnur að gagnsæi og umbótum í opinberri stjórnsýslu. Stjórn SSVN telur að samþykkt tillögunnar muni styrkja gæði ákvarðanatöku, stuðla að jafnræði íbúa og auka traust milli ríkisvalds og landsbyggðar og lýsir sig reiðubúna til að styðja innleiðingu landsbyggðarmats með staðbundinni þekkingu og reynslu.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra


Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri